

**Nefndasvið alþingis**  
**Austurstræti 8–10**  
**101 Reykjavík.**

B.t. Atvinnuveganefndar, mál nr. 647.  
( frumvarp til breytinga á fiskeldislögum nr.71/2008 )

Veidiréttareigendur í Veidifélagi Víðidalsár í Húnaþingi, mótmæla öllum hugmyndum á útgáfu nýrra eldisleyfa á norskum kynbættum laxi í opnum sjókvíum við strendur Íslands.

Stjórn veidifélagsins minnir á að Hafrannsóknarstofnun leggst gegn stjórnlausu laxeldi í sjókvíum í áhættumati sínu og telur að það geti stórskaðað villta laxastofna landsins. Þá bendir stjórnin á nálægð við verðmætar lax- og silungsveiðiár allt í kringum landið og þau miklu náttúruverðmæti sem þar eru í húfi.

Stjórn veidifélagsins mótmælir því harðlega að lögfest verði ákvæði um að svokölluð samráðsnefnd um fiskeldi hafi það verkefni með höndum að gera tillögur um breytingu á áhættumati erfðablöndunar. Ljóst er að með ákvæðinu er verið að opna leið til þess að stjórnmalamenn og hagsmunaaðilar geti komið því til leiðar að bestu vísindalegar niðurstöður verði ekki lagðar til grundvallar því magni af frjóum Norskum laxi sem heimilt verður að ala í sjókvíum við strendur Íslands.

Stjórn veidifélagsins telur að aðeins verði sátt um eldi í lokuðum kerfum á landi eða lokuðum kerfum í sjó með geldum laxi. Bent er á að enginn veidiréttarhafi eða náttúruunnandi getur samþykkt innblöndun norskra eldislaxa í villta laxastofna.

Stjórnin vill jafnframt ítreka og taka undir þau sjónarmið að aukinna rannsókna er þörf, m.a. hafa komið fram áhyggjur um gríðarleg mengunar- og umhverfisáhrif, sem sjókvíaeldi hefur á lífríki sjávar. Erfðanefnd Landbúnaðarins hefur og lagt til, að stöðva beri útgáfu leyfa til laxeldis í sjókvíum, þar til nánari þekkingar er aflað.

Eignarrétturinn er friðhelgur og er raunveruleg hættu á því, m.a. með hliðsjón af þeirri reynslu sem nú liggur fyrir af sjókvíaeldi annarra þjóða, að sjókvíaeldið muni hafa verulega neikvæð áhrif á veiðihlunnindi landeiganda og verðmæti jarða og valda þannig stórkostlegu tjóni.

Hólabaki 25. mars 2019.

Virðingarfyllst.

F.h. stjórnar Veidifélags Víðidalsár.  
Björn Magnússon  
Formaður  
[bjorn@holabak.is](mailto:bjorn@holabak.is)  
s. 895 4473